



Grundarfjarðarbær

Reglur Grundarfjarðarbæjar um úthlutun úr Uppbyggingarsjóði menningar- og íþróttamála

1. gr.

Markmið.

Reglur þessar eru settar um úthlutanir úr Uppbyggingarsjóði félags-, menningar- og íþróttamála í Grundarfjarðarbæ. Hlutverk og markmið sjóðsins er að styðja við uppbyggingu félags-, menningar- og íþróttastarfs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Auglýsing um styrki.

Úthlutanir styrkja úr sjóðnum fara að jafnaði fram einu sinni á ári. Auglýsa skal eftir umsóknum á vef Grundarfjarðarbæjar í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar komandi árs, að jafnaði í september ár hvert. Úthlutað er úr sjóðnum fyrir lok janúar.

3. gr.

Styrkveiting.

Bæjarráð Grundarfjarðarbæjar tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli umsókna og í samræmi við markmið sjóðsins. Einungis er veittur styrkur úr þessum sjóði til óhagnaðardrifinna verkefna. Miðað er við að styrkhæf verkefni felist einkum í uppbyggingu mannvirkja, aðstöðu eða búnaðar. Rekstur eða regluleg starfsemi félaga eða hópa er ekki styrkhæf. Síður eru veittir styrkir til verkefna sem eiga augljósa styrkjamöguleika úr öðrum sjóðum. Bæjarráði er áskilinn réttur til að samþykkja eða hafna umsóknum án frekari skýringa. Ákvörðun ráðsins þarf staðfestingu frá bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar áður en endanlegt samþykki liggur fyrir og styrkur er greiddur út.

4. gr.

Umsækjendur.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, félagasamtök og íþróttafélög, með lögheimili/aðsetur í Grundarfjarðarbæ. Á umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um umsækjanda og hvort sótt hafi verið um aðra styrki.

5. gr.

Umsóknarferli.

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið grundarfjardur@grundarfjardur.is, á bæjar-skrifstofu Grundarfjarðarbæjar eða á annan hátt sem bæjarráð ákveður og auglýsir. Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um fyrirhugað verkefni eða framkvæmd sem stefnt er að og fyrirhugaðan samfélagslegan ávinning þess. Með umsókn skal jafnframt fylgja verkáætlun þar sem fram kemur umfang verkefnis, verktími og sundurliðuð kostnaðaráætlun. Farið verður með allar umsóknir og fylgigögn þeirra sem trúnaðarmál.

6. gr.

Úthlutun og greiðsla styrkja.

Hlutfall styrkja skal aldrei vera hærra en sem nemur 50% af áætluðum heildarkostnaði

Styrkir eru að jafnaði greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn um leið og skýrslu um lok verkefnis hefur verið skilað. Heimilt er þó að greiða út styrkfjárhæð í hlutum, eftir framgangi verks, og er þá miðað við allt að helming styrkfjárhæðar í upphafi og fullnaðargreiðslu við verkefnislok.

Heimilt er að úthluta styrk til sama verkefnis oftari en einu sinni, en styrkur til sama verkefnis má aldrei fara yfir 50% af heildarkostnaði.

Hafi styrkur verið greiddur til verkefnis sem ekki kemur til framkvæmdar, ber styrkþega að endurgreiða styrkinn að fullu.

7. gr.

Framvindu- og lokaskýrslur, og birting verkefna.

Eftir hverja úthlutun skal yfirlit yfir þau verkefni sem hafa fengið úthlutað úr sjóðnum kynnt fyrir bæjarstjórn og birt á heimasíðu Grundarfjarðarbæjar.

Allir styrkþegar þurfa að skila inn yfirliti um framgang og lok verkefnis fyrir lok þess árs sem styrkveiting á sér stað (innan við ári frá styrkveitingu).

Styrkþegi getur ekki vænst þess að fá aftur styrk ef greinargerð um framgang verkefnis hefur ekki verið skilað inn.

8. gr

Gildistaka.

Samþykkt á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar 28. nóvember 2025 og á fundi bæjarstjórnar 11. desember 2025.